# í dag í kvöld

## Matsölustaðir

**Askur, Laugavegi:** Tveir veitingastaðir undir sama þaki. Milli klukkan 9 og 17 er hægt að fá fína grillrétti, svo að eitthvað sé nefnt, á vægu verði. Eftir klukkan 18 breytir staðurinn um svip. Þá fer starfsfólkið í annan einkennisbúning, menn fá þjónustu á borðin og á boðstólum eru yfir 40 réttir, auk þess sem vínveitingar eru. Enginn svikinn þar.

**Askur Suðurlandsbraut:** Hinir landsfrægu og sígildu Askréttir, sem alltaf standa fyrir sínu. Réttina er bæði hægt að taka með sér heim og borða þá á staðnum.

**Askborgarinn:** Hamborgarar af öllum mögulegum gerðum og stærðum.

**Askpizza:** Þar er boðið upp á ljúffengar pizzur margar tegundir.

**Skrínan:** Frábær matur af frönskum toga í huggulegu umhverfi, og ekki skemmir, að auk vínveitinganna, er öllu verði mjög stillt í hóf. Gylfi Ægisson spilar á orgel milli klukkan 19 og 22 fimmtudaga, föstudaga, laugardaga og sunnudaga.

**Hlíðarendi:** Góður matur, fín þjónusta og staðurinn notalegur.

**Grillið:** Dýr en vandaður matsölustaður. Maturinn er frábær og útsýnið gott.

**Naustið:** Gott matsöluhús, sem býður upp á góðan mat í skemmtilegu umhverfi. Magnús Kjartansson spilar á píanó á fimmtudags- og sunnudagskvöldum og Ragnhildur Gísladóttir syngur oftlega við undirleik hans.

**Hótel Holt:** Góð þjónusta, góður matur, huggulegt umhverfi. Dýr staður.

**Kentucky Fried Chicken:** Sérsviðið eru kjúklingar. Hægt að panta og taka með út.

**Hótel Borg:** Ágætur matur á rótgrónum stað í hjarta borgarinnar.

**Hornið:** Vinsæll staður, bæði vegna góðrar staðsetningar og úrvals matar. Í kjallaranum — Djúpinu eru oft góðar sýningar. (Magnús Kjartansson um þessar mundir) og á fimmtudagskvöldum er jazz.

**Torfan:** Nýstárlegt húsnæði, ágæt staðsetning og góður matur.

**Lauga-ás:** Góður matur á hóflegu verði. Vínveitingaleyfi myndi ekki saka.

**Árberg:** Vel útilátinn góður heimilismatur. Verði stillt í hóf.

## í sviðsljósinu

# „Aðsókn verið góð"

### segir Leifur Breiðfjörð um sýningu Vetrarmyndar, sem lýkur um helgina

„Aðsóknin hefur verið mjög góð og hátt á þriðja þúsund manns hafa séð sýninguna," sagði Leifur Breiðfjörð, listamaður, í samtali við Vísi, aðspurður um aðsókn að sýningunni Vetrarmynd á Kjarvalsstöðum, en sýningunni lýkur nú um helgina.

Vetrarmynd er Samsýning ellefu íslenskra myndlistarmanna og er þetta í þriðja sinn, sem hópurinn heldur slíka sýningu, en sú fyrsta var í Norræna húsinu 1977.

Sýningin nú er afar fjölbreytt í sniðum, enda er hér um að ræða verk ólíkra listamanna. Er það í samræmi við stefnu þá, sem ráðið hefur á fyrri sýningum, að fulltrúar ólíkra listastefna héldu saman sýningu og jafnan ætti sér stað nokkur endurnýjun í hópi sýnenda. Þannig sýna þau Einar Þorláksson, Niels Hafstein, Sigríður Jóhannsdóttir, Sigurður Örlygsson og Þór Vigfússon nú í fyrsta sinn með Vetrarmyndahópnum, en Baltasar, Bragi Hannesson, Haukur Dór, Hringur Jóhannesson, Leifur Breiðfjörð og Magnús Tómasson hafa verið með verk á fyrri sýningum.

Verkin á sýningunni eru 91 að tölu, öll sýnd nú í fyrsta sinn. Þau eru af ýmsum toga, svo sem olíumyndir, skúlptúr, krítarmyndir, teikningar, vefnaður og myndir unnar með blandaðri tækni og flest unnin á síðustu tveimur árum.

Sýningunni lýkur á sunnudagskvöld, eins og fyrr segir, en hún er opin frá klukkan 14 til 22.

—KÞ



Sjö af ellefu listamönnum, sem eiga verk á Vetrarmynd. Frá vinstri Leifur Breiðfjörð, Einar Þorláksson, Sigríður Jóhannsdóttir, Baltasar, Hringur Jóhannesson, Magnús Tómasson og Sigurður Örlygsson. Vísism.GVA

## Myndlist

**Gallerí Suðurgata 7:** Daði Guðbjörnsson og Eggert Einarsson sýna málverk, ljósmyndir, bækur og hljómplötur.

**Norrna húsið:** Sýning á málverkum og grafíkmyndum norska málarans Edvard Munch.

**Ásmundarsalur:**
Hans Jóhannsson sýnir fiðlusmíð.

**Kjarvalsstaðir:**
Þar eru fjórar sýningar í gangi. Í Kjarvalssal er sýning á teikningum sænska málarans Carl Fredrik Hill, í Vestursal er sýningin Vetrarmynd, sem er samsýning 11 íslenskra listamanna og á göngum Kjarvalsstaða eru tvær hollenskar farandsýningar, skartgripasýning annars vegar og sýning á grafíkmyndum hins vegar.

**Nýja galleríið:**
Samsýning tveggja málara.

**Ásgrímssafn:**
Safnið er opið sunnudaga, þriðjudaga og fimmtudaga kl. 13.30—16.00.

**Gallerí Langbrók:**
Valgerður Bergsdóttir sýnir teikningar.

**Kirkjumunir:**
Sigrún Jónsdóttir sýnir listvefnað keramik og kirkjumuni. Opið 9—18 virka daga og 9—14 um helgar.

**Gallerí Guðmundar:**
Weissauer sýnir grafík

## Leikhús

Þjóðleikhúsið: **Könnusteypirinn pólitíski klukkan 20**

Leikfélag Reykjavíkur: **Ótemjan** klukkan 20.30

Alþýðuleikhúsið: **Kona** frumsýning klukkan 20.30

Kópavogsleikhúsið: Leikfélag Stykkishólms sýnir **Markólfu** klukkan 21.

Félagsheimilið Seltjarnarnesi: Herranótt frumsýnir **Ys og þys út af engu** klukkan 21.


# Þjónustuauglýsingar



**Stimplagerð Félagsprentsmiðjunnar hf.**
Spítalastíg 10 — Sími 11640

*SLOTTSLISTEN*
Glugga- og hurðaþéttingar
Þéttum opnanlega glugga, úti- og svalahurðir með Slottlisten, varanlegum innfræsuðum þéttilistum.
Ólafur Kr. Sigurðsson hf.
Tranarvogi 1.
Sími 83499.

Sjónvarpsviðgerðir



Heima eða á verkstæði.
Allar tegundir 3ja mánaða ábyrgð.
*SKJÁRINN*
Bergstaðastræti 38.
Dag-, kvöld- og helgarsími 21940.

*Þvottavélaviðgerðir*



Leggjum áherslu á snögga og góða þjónustu. Gerum einnig við þurrkara, kæliskápa, frystikistur, eldavélar. Breytingar á raflögnum.
Margra ára reynsla í viðgerðum á heimilistækjum
Raftækjaverkstæði Þorsteins sf.
Höfðabakka 9 — Sími 83901

ER STÍFLAÐ?
Niðurföll, W.C. Rör, vaskar, baðker o.fl. Fullkomnustu tæki. Sími 71793 og 71974.



Ásgeir Halldórsson

interRent
car rental



Bílaleiga Akureyrar
Akureyri — Reykjavik
TRYGGVABRAUT 14 S. 21715 23515 — SKEIFAN 9 S. 31615 86915
Mesta úrvalið, besta þjónustan.
Við útvegum yður afslátt á bílaleigubílum erlendis.

Traktorsgröfur
Loftpressur
Sprengivinna



*Vélaleiga Helga Friðþjófssonar*
Efstasundi 89 104 Rvík.
Sími 33050 — 10387

Dráttarbeisli — Kerrur
Smíða dráttarbeisli fyrir allar gerðir bíla, einnig allar gerðir af kerrum. Höfum fyrirliggjandi beisli, kúlur, tengi hásingar o.fl.
Póstsendum



Þórarinn Kristinsson
Klapparstíg 8
Sími 28616
(Heima 72087).

*Er stíflað*
Fjarlægi stíflur úr vöskum, WC-rörum, baðkerum og niðurföllum. Notum ný og fullkomin tæki, rafmagnssnigla.
Vanir menn.
Stíflubjónustan
Upplýsingar í síma 43879
Anton Aðalsteinsson.

# Smáauglýsingar —

## Til sölu

**Silfurrefscape, sem nýr á kr.800.-** ITT kassettutæki á kr.200.- rafmagnshella á kr.100.- Fóðruð kvenstígvél nr. 39 á kr. 100.- Kanarífuglapar í stóru búri með öllu á kr.1100. Uppl. í síma 10438.

**Sala og skipti auglýsa:**
Seljum þessa viku m.a. AEG þurrkara, Hoover þvottavél, Candy þvottavél, uppþvottavél ameríska, Rowenta grillofn, strauvél, tvöfalda stálvaska með borði, sjónvarpagreiðu og hárþurrku. Einnig ýmiskonar húsgögn í úrvali, og nýja, ódýra, tvíbreiða svefnsófa. Ekkert geymslugjald, opið frá 12.30 til 18 virka daga og 10 til 16 laugardaga. Sala og skipti, Auðbrekku 63, símar 45366, kvöldsími 21863.

**Sporöskjulagað eldhúsborð**
til sölu. Uppl. í síma 75398.

**Mjög gott sófasett**
til sölu, gott verð. Uppl. í síma 52207.

**Sem ný borðstofuhúsgögn**
til sölu. Einnig eldhúsborð ásamt 4 stólum. Uppl. í síma 41347.

**Til sölu**
Fururúm, frá Vörumarkaðnum, selst ódýrt. Uppl. í síma 26548.

**Sófasett**
á aðeins kr. 4.890, hvíldarstólar frá kr. 2.690, símastólar frá kr. 2.190, innskotsborð frá kr. 1.060, einnig úrval af Roccocostólum, barock stólum og Renaisance stólum. Blómakassar, blómasúlur, blómastengur og margt fleira. Uppl. í síma 16541. Nýja bólsturgerðin, Garðshorni, Fossvogi.

## Óskast keypt

**Óska eftir**
2ja hellna rafmagnsplötu, eða með einni stórri hellu. Uppl. í síma 75869 til kl. 18 í dag.

**Kaupum notaðar blómakörfur.**
Blóm og grænmeti, Skólavörðustíg 3a, sími 16711.

## Húsgögn



**Þessir 4 fallegu**
leðurstólar ásamt palesanderborði eru til sölu. Verð kr. 4000.- Uppl. í síma 44663.

## Bólstrun

**Bólstrun.**
Klæðum og gerum við bólstruð húsgögn. Gerum verðtilboð yður að kostnaðarlausu. Bólstrun, Auðbrekku 63, sími 45366.

## Sjónvörp

**Tökum í umboðssölu**
notuð sjónvarpstæki. Athugið ekki eldri en 6 ára. Opið frá kl. 10-12 og 1-6, laugardaga kl. 10-12. Tekið á móti póstkröfupöntunum í símsvara allan sólarhringinn. Sportmarkaðurinn, Grensásvegi 50 sími 31290.

## Video

**Myndsegulbandspóluklúbburinn**
„Fimm stjörnur". Mikið úrval kvikmynda. Allt frumupptökur (orginal) VHS kerfi. Hringið og fáið upplýsingar. Sími 31133. Radíóbær, Ármúla 38.